

Nd.

18. Frumvarp til laga

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 33 9. janúar 1935 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefir inni að halda meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.
Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að telja megi tímabært eins og á stendur, að framleiða á Íslandi áfengt öl og selja hinu brezka setuliði slíkt öl, með því að það neytir áfengs öls hér í landinu, sem það annars flytur inn.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. grein stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 33 9. janúar 1935 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefir inni að halda meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.
Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 29. október 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson.